



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2022

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

ÍSÁN1GB05

Kennari: **Sigprúður Harðardóttir**

Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálaráttunum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

Undanfari: Reiknað er með að nemendur hafi lokið ÍSÁN1GA05.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum.
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta (fréttir, sögur)
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

Námsefni:

- Verkefnablöð frá kennara
- Kæra dagbók 2 og 3 (námsefni frá MMS)
- Hitt og þetta (námsefni frá MMS)
- Fréttir, blaðgreinar og annað efni af vef
- Menntamálastofnun – léttlestrarbækur og verkefni
- Hlustun og áhorf (af vef RUV o.fl.)

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

| Vika | Dagsetning | Námsefni og viðfangsefni | Próf og verkefni |
|---------|----------------------|--|---|
| 33.-36. | 18. ágúst - 9. sept. | <ul style="list-style-type: none"> • Lesskilningur, ritun og málnotkun • Tónlistar- og textaverkefni • Hlustun og áhorf | Ljósrituð verkefni unnin í tímum. Kæra dagbók |
| 37.-40. | 12. sept. - 7. okt. | <ul style="list-style-type: none"> • Lesskilningur, ritun og málnotkun • Hlustun og áhorf • Dagbókarskrif og önnur ritun • Málfræðiverkefni | Kæra dagbók Hitt og þetta Próf (munnlegt og skriflegt) |
| 41.-44. | 10. okt. - 4. nóv. | <ul style="list-style-type: none"> • Áhugasviðsverkefni. Lesið efni og unnin kynning, skrifleg og munnleg á viðfangsefni sem tengist áhugasviði nemanda. • Lesskilningur, ritun og málnotkun • Skáldsaga (léttlestur) og verkefni | Munnleg og skrifleg skil á áhugasviðsverkefni Kæra dagbók Hitt og þetta |
| 45.-45. | 7. nóv.-6. des. | <ul style="list-style-type: none"> • Lesskilningur, ritun og málnotkun • Hlustun og áhorf • Dagbókarskrif og önnur ritun • Málfræðiverkefni | Kæra dagbók Hitt og þetta Próf (munnlegt og skriflegt) |
| 49.-50. | 7. - 20. des. | Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn | |

Sérreglur áfangans: Verkefni verða lögð fyrir úr öllum helstu námsþáttum og skal þeim skilað á INNU eða á blaði. Einnig ber að skila nokkrum verkefnum munnlega.

Námsmat (skilaverkefni):

Talað mál og hlustun: 25%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 25%

Skilaverkefni - *Áhugasviðsverkefni*: 15%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

September 2022

Sigprúður Harðardóttir